

62  
23. júní

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir „Hóls“ í 2. málgr. 12. gr. laganna komi: Ögur, — og í stað „Naut-  
eyrar“ í sömu málgr. sömu gr. komi: Ólafsfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*